

Íslenska álfélagið hf.
Gunnar Guðlaugsson
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

2002010058
1400; 9310

Reykjavík, 20. febrúar 2002
/--

Efni: Stækkun ÍSAL í Straumsvík, 1. áfangi: Stækkun í allt að 330.000 tonn á ári. 2. áfangi: Stækkun í allt að 460.000 tonn á ári. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu ÍSAL að matsáætlun um stækkun ÍSAL í Straumsvík í allt að 460.000 t á ári.

Skipulagsstofnun barst með bréfi ÍSAL dags. 22. janúar 2002 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

ÍSAL. Stækkun ÍSAL í Straumsvík. 1. áfangi: Stækkun í allt að 330.000 tonn á ári. 2. áfangi: Stækkun í allt að 460.000 tonn á ári. Tillaga að matsáætlun. Hönnun hf. 22. janúar 2002.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hafnarfjarðarbæ, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 4. febrúar 2002, Byggðastofnun með bréfi dags. 30. janúar 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 31. janúar 2002, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 4. febrúar 2002, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 3. febrúar 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 12. febrúar 2002,

Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 4. febrúar 2002, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 6. febrúar 2002, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 4. febrúar 2002 og Vegagerðinni með bréfi dags. 1. febrúar 2002. Ekki barst umsögn frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Skipulagsstofnun bærust einnig viðbótarupplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 6., 7., 8., 12., 15. og 20. febrúar 2002.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt viðbótarupplýsingum sem bærust með bréfum dags. 7., 8., 12. 15. og 20. febrúar 2002 og með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan:

Útblástur og mat á vothreinsibúnaði. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að metin verði útbreiðsla mengunarefna með og án vothreinsibúnaðar. Skal þá bera saman útbreiðslu loftborinnar mengunar sem og mengunar í sjó fyrir báða kostina. Í matsskýrslu þarf að meta áhrif aukins útblásturs á stærð þynningarsvæðis og bera saman áhrif þurrhreinsunar og vothreinsunar á stærð þess. Það mat verði lagt til grundvallar ákvörðun um hvort vothreinsunar verður krafist. Gerð verði m.a. grein fyrir efnainnihaldi og áætluðu magni í frárennsli frá vothreinsibúnaði, meðhöndlun frárennslis, mótvægisáðgerðum og þynningarsvæði í sjó. Koma þarf fram í matsskýrslu hvaða mörk varðandi útblástur mengunarefna verða sett fram í drögum að starfsleyfi fyrir báða áfanga. Gera þarf grein fyrir áætlaðri losun og gæðamarkmiðum ÍSAL.

Sýnataka og vöktun. Skipulagsstofnun telur að tillaga um sýnatökustaði vegna vöktunar skuli koma fram í matsskýrslu, sbr. svar framkvæmdaraðila við umsögn Hollustuverndar ríkisins.

Ris. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hollustuverndar ríkisins og telur að í matsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um tíðni og lengd risa m.v. núverandi rekstur og mat á þeim þætti í hvorum áfanga fyrir sig líkt og boðað er í svörum framkvæmdaraðila.

Eldsneytisbirgðir. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Hollustuverndar ríkisins nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir núverandi birgðahaldi á eldsneyti og breytingum sem kunna að verða á því í kjölfar stækkunar, sbr. svar framkvæmdaraðila við umsögninni.

Samfélag. Skipulagsstofnun vekur athygli á og tekur undir umsögn Byggðastofnunar þar sem bent er á nauðsyn þess að í matsskýrslu komi fram mat á stöðu álversins á samkeppnismarkaði um sérhæft vinnuafll.

Tengdar framkvæmdir. Í matskýrslu vegna stækkunar álvers í Straumsvík þarf að gera grein fyrir hvaða orka er til staðar í raforkukerfinu og hvaða upplýsingar liggja fyrir um ný orkuver og orkuflutninga til álversins. Þá ber að gera grein fyrir samlegðaráhrifum á umhverfi af völdum færslu Reykjanesbrautar en sú framkvæmd er óhjákvæmilega forsenda stækkunar ÍSAL eins og kynnt er í tillögu að matsáætlun.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl:
Afrit umsagna.

Afrit :
Hönnun, Hafnarfjarðarbær, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Veðurstofa Íslands og Vegagerðin.